# Bréf og skýrslur varðandi brunatjón 1876-1906

Aðfnr. 1506, örk 6

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Útskrift
## úr lögregluþingbók Reykjavíkur

Ár 1906, þ. 5. marts var lögreglurjettur Reykjavíkurkaupstaðar settur á skrifstofu bæjarfógeta og haldinn af settum bæjarfógeta Páli Einarssyni með vottum Jóni Sigurðssyni og Þorvaldi Björnssyni. Var þá tekið fyrir:

At leita upplýsinga um orsakir til eldsvoða þess er bar að höndum í Ingólfsstræti 5, 2. þ.m.

Dómarinn lætur þess getið fyrir fram, að þann 2. þ.m. brann til kaldra kola timburskúr er áfastur var við No 5 í Ingólfsstræti hjer í bænum, og skemmdist íbúðarhúsið sjálft að miklum mun.

Dómarinn leggur fram sem No 1 leigusamning um timburskúr þann er brann svohljóðandi:

No 1

Leigusamningur
milli landfógeta Á. Thorsteinson og kaupmanns Carls Lárussonar.

Eg Árni Thorsteinsson hefi leigt og leigi hjermeð frá byrjun októbermánaðar 1905. herra Carl Lárussyni skúr þann, er sambyggður er norðan við eign mína No 5 í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ingolfsstræti – þann hlutann sem hingaðtil hefur verið notaður sem „smiðahús“ – til geymslu á húsgögnum og öðrum vörum en ekki til reglulegrar trjesmiðaverkstofu, sem atvinnu til af fyrir sig, og er svo umsamið að leigumálinn sje til hálfs árs í senn með þriggja mánaða uppsögn, nema vanskil sje sýnd með borgun húsaleigu mánaðarlega, er skoðast sem riftung af hendi leiguliða á skilmálunum.

Sem leigu fyrir hið leigða húsrúm borga jeg Carl Lárusson 8 kr – átta krónur fyrir hvern mánuð, í fyrsta sinni fyrstu dagana í nóvembermánuði þessa árs, og þar eptir mánaðarlega í mánaðarbyrjun hverri. Svo lofa jeg og að fara vel og forsvaranlega með húsið, sjerstaklega gæta þess vandlega að varlega sje farið með eld, svo sem lög skipa fyrir, bæta skemdir, er geta tilreiknast leiguliða, en að öðruleyti hvílir vanalegt viðhald hússins á eiganda þess. Farist húsið við eldsvoða eða á annan hátt hverfur leigumáli frá þeim degi.

Leigusamningi þessum til staðfestu undirskrifa.

Reykjavík 30. sept. 1905

A. Thorsteinsson Carl Lárusson

Lárus G. Ludvigsson
(fjárráðam.)

Lagt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fram í lögreglurjetti Reykjavíkur 5/3 1906
Páll Einarsson
settur.

Fyrir rjettinum er mættur að tilhlutun dómarans Luther Havstein Lárusson, trjesmiður, 19 ára að aldri og var hann alvarlega áminntur um sannsögli. Gefur hann skýrslu á þessa leið: þann 2. þ. m. var hann einn að smíðum í timburskúr þeim sem brann. Smíðaði hann þar frá því um morguninn og fram að kl. 2 um daginn, fór hann þá í næsta hús til miðdagsverðar, og er hann fór burt úr húsinu lokaði hann hurðinni af á eptir sjer, og var þá enginn í húsinu. Svo sem kvartíma seinna kom bróðir yfirh. inn til hans og sagði honum að kviknað væri í húsinu. Fór þá yfirh. þegar í stað út í húsið, lauk því upp með lykli sínum og sá þá, að eldurinn var orðinn svo mikill að hann treysti sjer ekki til að slökkva hann sjálfur, og gerðu þeir bræður því slökkviliðinu aðvart um eldinn.

Eins eldavjel var í húsinu og var eldur logandi í henni þegar yfirh. fór inn að borða. Hafði yfirh. soðið lím í potti á eldavjelinni, en hafði tekið pottinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af og brúkað límið áður en hann fór inn. Fullyrðir hann, að hann hafi látið kringuna yfir eldholið, en rjett áður enn hann fór inn bætti hann kolum á eldinn og kom þá að venju nokkur reykur upp um kringuna, en ekki varð yfirh. þess neitt var að eldur hrykki fram úr eldholinu, og yfirh. þykist viss um, að ekki hafi verið kviknað í húsinu þá er hann fór heim til miðdegisverðar. Hann kveðst ekki hafa farið neitt með eld eða gjör annað en það, að hann sauð lím á maskínunni, og hann getur ekki getið sjer til hvernig kviknað hafi í húsinu, en hann telur það helst sennilegt að eldur hafi kastast út úr maskínunni er hann fór út og skelti hurðinni aptur á eptir sjer, og þykir honum það þó ólíklegt þar sem bæði var járn fyrir framan eldavjelina og hann þykist muna með vissu, að hann lokaði hurðinni á maskínunni eptir að hann bætti kolunum í hana. Hann neitar því einnig að nokkurir trjespænir hafi verið fyrir innan blikkið hjá maskínunni En annars voru rendir borðfætur og ýmsir aðrir smíðisgripir þar í húsinu og trje-spænir. Þessa borðfætur og fleira átti leigjandi hússins Karl Lárusson, bróðir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yfirh. og voru þeir munir ekki vátryggðir, sömuleiðis brunnu þar vinir smíðatól yfirh. og voru þau heldur ekki vátryggð. sömuleiðis brann þar vinir 25 Krónur í peningum.

Yfirh. segir að sjer hafi verið kunnugt innihald leigusamningsins af húsinu, það, að það var leigt fremur til geymslu á húsgögnum og öðrum vörum en til reglulegrar trjesmíðaverksmiðju, enda kvedst hann hafa unnið mestmegnis í húsinu fyrir bróður sinn að því, að líma saman húsgögn og smíða þau að nokkru leyti, en aðrir en hann höfðu ekki umgang um húsið. Honum var og einnig kunnugt um, að leigjanda hússins var sjerstaklega uppálagt að fara gætilega með eld, og hafði hann einnig verið aðvaraður um það af íbúum hússins No 5 í Ingólfsstræti. En þessu kvaðst hann hafa fullnægt og jafnan farið gætilega með eldinn. Hefði það verið vani sinn að slökkva hann með vatni í maskínunni á hverju kveldi áður en hann hætti. Og hann neitar því að það sje ógætni sinni að kenna að það kviknaði í þetta sinn, og getur hann ekki gefið aðrar upplýsingar um orsakirnar til þess en hann þegar hefur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjört. Uppl. stadf. og er yfirh. reiðubúinn að staðfesta framburð sinn með eiði.

Mætti þvínæst fyrir rjettinum Ágúst Liljenkvist Lárusson 18 ára að aldri, bróðir Luther Hafsteins og var áminntur um sannsögli. Skýrir hann frá að hann hafi gengið út úr húsi föður síns rjett eptir að Luther Havstein kom þangað til miðdegisverðar og er hann kom út sá hann að kviknað var í trjesmíðaskúrnum. Sagði hann Luther Havstein það þegar í stað og fór með honum út í húsið. Sáu þeir þá að eldurinn var orðinn svo magnaður að þeir einir mundu eigi fá slökkt hann, og aðvöruðu þeir því slökkviliðið þegar í stað. En yfirh. kom ekki í húsið áður en kviknaði í því og getur því engar upplýsingar gefið um orsakirnar til eldsins.
Uppl. samþ.

Dómaranum þótti ekki ástæða til að eiðfesta hina yfirheyrðu að svo stöddu og var því rjetti slitið.

Páll Einarsson
settur.

Jón Sigurðsson
Þ. Björnsson.

* * *

Rjetta útskript staðfestir.

Páll Einarsson
settur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur